

REIKNINGUR

Styrktarsjóðs blindra 1971.

Rekstursreikningur.

T e k j u r :	
Sælgætisgjald	kr. 1 289 000.00
Vaxtatekjur	— 52 968.00
Kr. 1 341 968.00	

G j ö l d :	
Styrkur til Blindrafélagsins	kr. 1 200 000.00
Tekjur umfram gjöld	— 141 968.00
Kr. 1 341 968.00	

Efnahagsreikningur 31. desember 1971.

E i g n i r :	
Innstæða í Útvegsbanka Íslands	kr. 225 293.00
kr. 225 293.00	

S k u l d i r :	
Höfuðstóll 1. janúar 1971	kr. 83 325.00
Tekjur umfram gjöld	— 141 968.00
kr. 225 293.00	

Reykjavík, 20. janúar 1972.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

Nr. 28.

20. janúar 1972.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Eldvatns.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélags Eldvatns.

Heimili þess og varnarþing er Leiðvallahreppur.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Eldvatni og vatnasvæði þess, en þær eru Syðri-Steinsmýri I og II, Syðri-Fljótur, Efri-Fljótur, Fljótakrókur, Hnausar ásamt $\frac{1}{3}$ Skarðslands, Feðgar, Langholt og Botnar.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og ráðstafa veiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu, eftir því sem aðalfundur ákveður hverju sinni.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marzmánuði ár hvert.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. janúar 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.